

Árnesi 12. október 2017

Hér að neðan eru athugasemdir undirritaðs v/tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi Árneshrepps, auglýst 31. ágúst 2017.

Tillagan snýr að gríðarlega umfangsmikilli vegagerð frá sjó við ós Hvalár, upp fjallið norðan við núverandi brú á Hvalá og þaðan um Ófeigsfjarðarheiði samtals um 25 km. leið (sjá greinargerð Verkís bls.21 í Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025) Einnig er í tillögunni fjallað um 3-4 efnistökusvæði og auk þess tilfærslu á iðnaðarsvæði og fl.

Það vekur athygli að í tillögunni er ekki gert ráð fyrir tengingu við Strandaveg, þ.e.a.s. frá Melum að Hvalárósi, sem er þó forsenda þess að af þessum framkvæmdum geti orðið. Það að slíta þannig í sundur skipulagsgerðina er augljós formgalli á málsmeðferðinni og er í ósamræmi við markmið og ákvæði laga um umhverfismat áætlana og tilskipun nr. 2001/42/EB um sama efni, gildandi aðalskipulag og umhverfismat framkvæmdarinnar.

Þetta þarf Skipulagsstofnun að taka til sérstakrar skoðunar við væntanlega lögmætisathugun sína.

Að auki eru engar skýringar gefnar á því hvernig á að koma öllum þeim stórvirku þungavinnuvélum, bílum, beltagröfum, jarðborum, stálbitum í brú og fl. á staðinn eftir slóðanum sem liggur frá Melum að Hvalárósi, en sá vegur mun á engan hátt bera þessa flutninga.

Í tillögugerðinni er fjallað um 3 efnistökusvæði og eitt til vara.

1. Efnistökusvæði sunnan við Hvalárós. Þar verða fornar og uppgrónar eyrar árinna teknar og fluttar upp á Ófeigsfjarðarheiði, notaðar þar í vegstæði og uppfyllingar. Þarna mun verða gríðarlegt rask á grónu landi og allt að 63.000 rúmmetrar af efni verður tekin þarna. Þessi náma verður síðan notuð til þess að haugsetja efni sem kemur úr jarðgöngum ef hugsanlega verður einhverntíma af þessari virkjun. Þessi náma mun því standa opin árum saman, jafnvel um alla framtíð ef hætt verður við virkjunaráformin, eins og allar líkur eru nú á.
2. 100.000 rúmmetrar af efni er fyrirhugað að taka úr áreyrum við neðra Hvalárvatn. Sú náma mun ekki nema að hluta hverfa undir fyrirhugað lón

á svæðinu og verður því sýnileg um langa framtíð. Ef ekki verður virkjað er búið að stórbreyta ásýnd vatnsins til frambúðar.

3. Efnistaka úr Hvalá ofan brúar. Í tillögugerðinni er talað um eyrar í ánni þar sem taka eigi efni. Hvers vegna talað er um áreyrar er óútskýrt og beinlínis villandi, því hið rétta er að þarna er augljóslega átt við hólma sem er þarna í miðri ánni. Áin klofnar um þennan hólma sem er að hluta orðinn gróinn og hefur tekið árpúsundir að myndast. Verði hróflað við þessum hólma og hluti hans tekinn er nær öruggt að leyfar hans munu hverfa í árflauminn í næstu vorleysingum. Þetta þarf Skipulagsstofnun að skoða sérstaklega.
4. Til vara er talað um efnisflutninga í þessa vegagerð alla leið sunnan frá Gjögri úr námum þar. Meira en helmingur af þessari 30-40 km. leið er vegslóðinn frá Melum að Hvalárósi. Sá vegur þolir varla umferð venjulegra bíla hvað þá þungaflutningatæki af þeirri stærðargráðu sem þarna verða notaðir. En vegurinn frá Melum er einmitt sá hluti sem slitinn var frá þeirri breytingartillögu sem nú er til umsagnar. Efnisnámurnar og vegurinn sem sprengdur verður upp hlíðar fjallsins norðan Hvalár og mun síðan hlykkjast um heiðina samtals 25 km. leið verður það fyrsta sem ferðafólk mun sjá þegar komið er norður í Ófeisgsfjörð. Sjónmengunin vegna þessa verður yfirþyrmandi og umhverfisáhrifin algjörlega óafturkræf. Á þeim forsendum einum ber að hafna þessari breytingartillögu.

En fleira kemur til.

Í kjölfar málþings sem haldið var 24.-25. júní í Trékyllisvík og bar yfirskriftina Arfleifð Árneshrepps, hefur mikil umræða farið fram um þennan hugsanlega virkjunarkost þ.e.a.s. virkjun Rjúkanda, Hvalár og Eyvindarfjarðarár á Ströndum. Ýmislegt hefur komið fram sem ekki var áður vitað eða bara þagað um.

Engar samgöngubætur munu fylgja þessari farmkvæmd eins og talað var um.

Ekki eitt einasta starf mun heldur verða til.

Raforka frá virkjuninni mun ekki bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum eins og ítrekað var fullyrt.

hafna þessari tillögu að breytingu á deiliskipulagi og aðalskipulagi Árneshrepps. Hringtenging raforku um Vestfirði er ekki í sjónmáli næstu áratugina.

Nánustu aðstandendur þessarar hugsanlegu virkjunar segja núna að þeir viti ekkert hvert raforkan verði seld.

Landsnet hefur metið tengikostnað virkjunarinnar allt of mikinn, svo ekki sé verjandi að fara út í slíkan kostnað. Í kerfisáætlun Landsnets sem nær til ársins 2025 er þessi hugsanlegi virkjunarkostur hvergi nefndur á nafn, og nú hefur Orkustofnun nýlega sent Landsneti þau skilaboð að þeir séu þegar komnir langt fram úr sjálfum sér með verkefnaáætlun. Það virðist því ljóst að þessi virkjun verður ekki tengd við dreifikerfið næstu áratugina.

Forsendur fyrir þessari virkjunarhugmynd eru því brostnar og engir almannahagsmunir krefjast þess að haldið sé áfram með þetta mál. 61. gr. náttúruverndarlaga kveður skýrt á um það að ekki megi raska árfarvegum, tjörnum, vötnum né fossum nema brýna nauðsyn beri til. Engir slíkir hagsmunir eru í húfi og því ber að virða þessi lög og hafna þessari tillögu að breytingu á deiliskipulagi og aðalskipulagi Árneshrepps.

Með kveðju,

Valgeir Benediktsson,

Kt. 120349-4309